



Dómsmálaráðuneytið
Sölvholsgötu 7
101 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, og lögum um dómstóla, nr. 50/2016 (ýmsar breytingar).

Á samráðsgátt stjórnvalda við almenning er veittur umsagnarfrestur til 10. janúar nk. við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, og lögum um dómstóla, nr. 50/2016 (ýmsar breytingar). Drög að frumvarpinu eru samin á vettvangi dómsmálaráðuneytisins.

Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, og lögum um dómstóla, nr. 50/2016 (ýmsar breytingar) lýtur einvörðungu að tillögum um breytingar á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum. Reykjavíkurborg vill að gefnu tilefni koma á framfæri eftirfarandi athugasemendum annars vegar við einstakar greinar frumvarpsins og hins vegar benda á atriði sem varða efni og markmið þeirra breytinga sem fyrirhugað er að gera og ekki verður séð að tekin sé afstaða til í frumvarpinu.

Athugasemdir við 3. gr. og 8. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt lögum nr. 91/1991 á varnaraðili kost á að skila greinargerð/málsgögnum til Landsréttar/Hæstaréttar innan viku frá þeim tíma er kærandi hefur skilað málsgögnum, sbr. 1. mgr. 148. gr. og 172. gr. laganna.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 1. másl. 148. gr. laga nr. 9/1991 verði bætt við nýjum málslið þess efnis að Landsrétti verði veitt heimild til að framlengja frest varnaraðila til að skila greinargerð/málsgögnum í kærumálum ef fresturinn rennur út á tímabilunum frá og með 22. desember til og með 4. janúar og frá og með skírdegi til og með annars dags pásku. Sambærileg heimild er veitt í 8. gr. frumvarpsins í kærumálum fyrir Hæstarétti.

Í athugasemnum við frumvarpið kemur m.a. fram að án umræddrar breytingar hafi varnaraðili færri virka daga til að skila greinargerð/málsgögnum en annars væri. Umræddar breytingar séu lagðar til þar sem það kunni að koma sér illa fyrir varnaraðila að vinna vegna kærumálsins beri upp á stórhátiðum.

Reykjavíkurborg fagnar framangreindum tillögum að breytingum á lögum nr. 91/1991, sem eru að mati borgarinnar til þess fallnar að stuðla að eðlilegri vinnutíma lögmanna. Þá er bent á í þessu samhengi að ef til vill eigi sömu rök við þegar greinargerðarfrestur varnaraðila vegna kærumála sem rekin eru fyrir Landsrétti/Hæstarétti ber upp á eða í kringum lögbundna frídaga m.t.t. þess að hinn almenni frestur er afar skammur og nær jafnt til virkra daga sem og helgardaga.



Athugasemdir við 5. gr. og 11. gr. frumvarpsins.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 2. másl. 1. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 verði bætt við nýjum málslíð þess efnis að Landsrétti verði veitt heimild til að framlengja frest stefnda/stefndu til að skila greinargerð í áfrýjuðum málum ef fresturinn rennur út á tímabilunum frá og með 15. júlí til og með 14. ágúst, frá og með 22. desember til og með 4. janúar og frá og með skírdegi til og með annars dags páskas. Sambærileg heimild er veitt í 11. gr. frumvarpsins vegna greinargerðarskila í áfrýjuðum málum fyrir Hæstarétti.

Reykjavíkurborg fagnar framangreindum tillögum að breytingum en bendir á að þær eigi einvörðungu við í þeim tilvikum þegar áfrýjuð mál sæta almennri meðferð. Þykir á skorta að kveðið sé á um sambærilegar heimildir í þeim tilvikum er áfrýjuð mál sæta flýtimeðferð sámkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 eða á grundvelli fyrirmæla í sérlögum, eftir því sem við á. Við rekstur slíkra mála er ekki síður íþyngjandi fyrir þann sem tekur til varna að vera veittur skammur frestur til greinargerðarskila á hásumarleyfistíma eða um stórhátíðir. Í þessu samhengi er bent á að framlenging greinargerðarfrests þarf ekki að hafa áhrif á málsmeðferðartíma slíkra mála þar sem á umræddum tíma eru jafnan réttarhlé fyrir Landsrétti/Hæstarétti og enginn málflutningur fer fram sem hefur áhrif á það hvenær aðalmeðferð er sett á dagskrá. Með lögfestingu heimildar til að framlengja greinargerðarfrest er Landsrétti/Hæstarétti í sjálfsvald sett að meta hvort lengri frestur muni hafa áhrif á málsmeðferðartíma fyrir réttinum. Því er að mati Reykjavíkurborgar tilefni til að láta umræddar heimildir ná einnig til mála sem sæta slíkri meðferð.

F.h. Reykjavíkurborgar

Ebba Schram
borgarlögmaður